

Miðvikudaginn 10. janúar 1990.

Nr. 3/1990.

Ákærvaldið

gegn

Guðna Elíassyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 3. janúar 1990. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi hans verði markaður styttri tími. Þá er og krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðila er gefið að sök, að hann hafi hinn 9. apríl 1989 framið verknað, sem talinn er varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 30. júní 1989 var varnaraðili sakfelldur fyrir brot þetta og dæmdur í fangelsi í 3 ár. Var sú refsing ákveðin með hliðsjón af 345 daga ólokinni refsivist samkvæmt fjórum dómum, þar á meðal dómi Hæstaréttar 4. nóvember 1986, þar sem varnaraðili var dæmdur í fangelsi í 2 ár og 6 mánuði fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga. Varnaraðila var veitt reynslulausn hinn 8. apríl 1989 skilorðsbundið í 2 ár á þessari óloknu refsivist.

Hinn 20. október 1989 fór fram munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti í máli ákærvaldsins gegn varnaraðila. Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði, var eftir það ákveðið, að frekari rannsókn færi fram í málinu. Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar 8. þ.m. kemur fram, að rannsókn þessi verður framkvæmd fyrir milligöngu rannsóknarlögreglu ríkisins af erlendri rannsóknarstofnun og viðbúið sé, að hún taki 3-6 mánuði.

Enda þótt meðferð máls þessa muni lengjast nokkuð vegna þessarar rannsóknar, þykir með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr.

74/1974 bera að taka kröfu ákærvalds um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða til greina, þannig að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli hans, en þó ekki lengur en til mánudagsins 2. júlí 1990 kl. 17.00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Gæsluvarðhald varnaraðila, Guðna Elíassonar, framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli hans, en þó ekki lengur en til mánudagsins 2. júlí 1990 kl. 17.00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. janúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 3. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að framlengt verði með úrskurði gæsluvarðhald yfir dómþola, Guðna Elíassyni, sem honum var gert að sæta við dómsuppsögu 30. júní sl. og rennur út í dag kl. 17.00, til 2. júlí nk. kl. 17.00, en dómþoli var dæmdur í 3 ára fangelsi vegna brots á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940. Ríkissaksóknari vísar um gæsluvarðhaldskröfuna til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Málavextir.

Þann 30. júní sl. var Guðni Elíasson dæmdur í 3 ára fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir að hafa þröngvað X til holdlegs samræðis í [.....] hér í borg aðfaranótt 9. apríl sl.

Dómþoli áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar Íslands, og þar var málið flutt þann 20. október sl. Hæstiréttur Íslands fór fram á frekari rannsókn á sængurfatnaði að málflutningi loknum, og fól ríkissaksóknari RLR að framkvæma þá rannsókn. Er hún unnin í London fyrir atbeina Gunnlaugs Geirssonar prófessors og í samráði við prófessor Lincoln.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ríkissaksóknari fékk hjá rannsóknar-lögreglustjóra í morgun, mun rannsóknin taka 3 mánuði.

Dómþoli hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 9. apríl sl. til dagsins í dag. Ríkissaksóknari hefur krafist þess, svo sem fram hefur komið hér að framan, að dómþoli sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til 2. júlí nk. kl. 17.00 með vísan til 4. tl. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Dómþoli hefur mótmælt framkominni kröfu.

Með vísan til dóms sakadóms Reykjavíkur frá 30. júní 1989 þykir rétt að taka kröfu ríkissaksóknara um framlengingu gæsluvarðhalds til greina og ákveða, að dómþoli skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til mánudagsins 2. júlí nk. kl. 17.00, með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74,1974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómþoli, Guðni Elíasson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, allt til mánudagsins 2. júlí nk. kl. 17.00.
